



Það var létt yfir Gylfa Þór Sigurðssyni og liðsfélögum hans á æfingu karlalandsliðsins á Laugardalsvelli í aðdraganda leiksins gegn Sviss í Þjóðadeild UEFA í kvöld. Er þetta síðasti heimaleikur Íslands á þessu ári og sá síðasti í bili í Þjóðadeild UEFA. Strákarnir okkar fá í dag tækifæri til að hefna fyrir niðurlægninguna í Sviss á dögnum. Sjá nánar á síðu 16 og 17. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTABLAÐIÐ **+PLÚS** Fleiri myndir frá æfingu landsliðsins er að finna á +Plússiú Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

Aðgerðir vegna samskiptavanda hjá HA

Forseti hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri var settur í annað starf og utanaðkomandi ráðgjafarfyrtækni fengið til að greiða úr samskiptavanda á sviðinu. Erum að reyna að takast á við þetta innan frá, segir rektor. Margþættar ástæður liggja að baki vandans.

SKÓLAMÁL Samskiptavandi á hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri leiddi til þess að forseti sviðsins var færður til í starfi. Sérstakt teymi endurskipuleggur nú starf sviðsins.

Af fundargerðum háskólaráðs HA sést að vandinn hefur verið til umfjöllunar í hátt á annað ár.

Forseti sviðsins, Lars Gunnar Lundsten sem kom til starfa frá Finnlandi 2016, var færður til í starfi og er nú forstöðumaður miðstöðvar doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna. Mjög skiptar skoðanir hafa verið um

framtið og skipulag lagadeildarinnar. Til dæmis voru allir starfsmenn og háskólaráð að auki andvíg áformum Lars um að hætta innritun nýrra nemenda í lögræði tímabundið.

Umgjörð og skipulag lögreglufræða hefur verið deiluefni og dæmi eru um að starfsfólk hafi hætt vegna þessa og aðrir starfsmenn sviðsins hafi tekið veikindaleyfi vegna starfstengds andlegs álags. Þá er því lýst í bókun í fundargerð háskólaráðs að konur hafi neikvæða upplifun af afgreiðslu mála innan HA og stjórnendur vanræki að



Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri.

afgreiða umkvartanir þeirra. Þess háttar afgreiðsla sé „allt of algeng þegar kemur að framkomu og málsmeðferð gagnvart konum innan skólans“.

Leitaði rektor til ráðgjafarfyrtækisins Strategiu sem vann úttekt á

samskiptamálum sviðsins. Tóku ráðgjafar fyrtækisins viðtöl við flesta starfsmenn sviðsins og var skýrsla þeirra kynnt í háskólaráði 22. mars.

„Við erum að reyna að takast á við þetta innan frá hjá okkur,“ segir Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA. „Svo eru ýmis mál, mörg hver mjög gömul, sem hafa aldrei verið útkljáð innan sviðsins og ég gerði mér grein fyrir því þegar ég fékk skýrslu Strategiu í hendur að það þyrfti að ganga í að leysa þau mál.“

Í kjölfar greiningar Strategiu, var

ákveðið að ráða tímabundið forstöðumann breytinga og umbóta auk þess sem sérfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík er til stuðnings og ráðgjafar. Nýi forstöðumaðurinn starfar við hlið stafandi sviðsforseta, Önnu Ólafsdóttur prófessors.

Eyjólfur kveðst á þessari stundu ekki geta sagt til um kostnað við hið nýja stöðugildi og aðkeypta ráðgjöf vegna málsins. „En ég held að þetta sé fjárfesting sem mun skila sér margfalt þegar niðurstaða liggur fyrir,“ segir rektor. – áá

Telja meint brot fyrnd vegna tafa

DÓMSMÁL Fimm dómþolar af átta í umfangsmesta fjársvikamáli íslenskrar réttarsögu áfrýja til Landsréttar og krefjast sýknu.

Höfuðpaurarnir í málinu áfrýja ekki. Riflega tvö hundruð milljónir sem sviknar voru af ríkinu hafa ekki fundist. – jõe / sjá síðu 6

Skerði rétt til þungunarrofs

HEILBRIGÐISMÁL Stærstur hluti umsagna fagfólks um fyrirhugað frumvarp um þungunarrof snýr að því að frumvarpið skerði rétt kvenna frá því sem nú er.

– jõe / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

SKODUN Guðmundur Steingrímsson skrifar um furðulegar skoðanir. 11

SPORT Stoltið er auðvitað sært eftir síðasta leik gegn Sviss, segir Alfred Finnbogason. 17

TÍMAMÓT Barnabókarithöfundurinn Bergljót Arnalds fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag. 18

LÍFIÐ Emmsjé Gauti leggst undir hnifinn á skurðarborðinu. 26

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentsmálanáunum Gallup apríl-júní 2015

Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils
W Actavis

NUTRILENK öflugur liðstyrkur



VIÐBURÐAHÚS



ALLT AÐ
500 GESTA
BORDHALD
EÐA
1.000 GESTA
STANDANDI VEISLUR



518 4000 / info@tales.is

Veður



Sunnan 3-10 m/s og skúrir, en létt-skýjað norðan- og austanlands. Suðaustlægari vindur, þykkar upp og fer að rigna um sunnanvert landið seint í kvöld. **SJÁ SÍÐU 20**

Stolinni skútu veitt eftirför


LÖGREGLUMÁL Landhelgisgæslan sendi varðskipið Þór og Þyrlu til aðstoðar lögreglunni á Vestfjörðum til að hafa uppi á seglskútunni Inook sem stolið var í fyrrinótt þar sem hún lá við bryggju á Ísafirði.

Tóku að minnsta kosti tveir sérsvaitarmenn ásamt starfsmönnum séraðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar á móti skútunni sem siglt var til hafnar á Rífi á Snæfellsnesi.

Að sögn heimanna á Rífi sem rætt var við í gærkvöldi virðist sem þjófurinn hafi reynt að fara huldu höfði því slökkt var á ljósum og staðsetningarbúnaði skútunnar sem skráð er í Frakklandi.

Lögreglumenn sigldu til móts við Inook í björgunarbáti. Skipstjórnir var síðan færður til yfirheyrslu að því er sagði í tilkynningu frá lögreglunni á Vestfjörðum sem ekki veitti frekari upplýsingar. –jt, gar

Styttist í kvennafrídaginn



„Það var vel mætt og við munum gera þetta aftur næsta sunnudag,“ segir Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands. Konur á öllum aldri hittust í gær í húsnæði stéttarfélagssins BSRB til að mála kröfuskilti fyrir kvennafrídaginn 24. október. Brynhildur segir að meðaltekjur kvenna séu 26 prósent lægri en meðaltekjur karla svo baráttunni fyrir jafnrétti er ekki lokið. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK



Hressir krakkar í lausu lofti í Norræna húsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK

Stundum gaman að hanga

MENNING Margt spennandi er á seyði í Norræna húsinu á meðan sýningin Barnabókafloðið stendur þar yfir.

„Sjálfur Miðgarðsormurinn leiðir börn í skapandi ferðalag úr einu rými í annað. Barnabækur byggja brýr og ferðalangar búa sér til vegabréf sem þeir stimpla í á hverjum

viðkomustað. Börnin fá að taka þátt í að skapa stórborgarpúsl, raða landanöfnum á heimskortid, skoða kort af raunverulegum og mynduðum stöðum úr barnabókum og hnoðast á risahnetti,“ segir á vef Norræna hússins um sýninguna sem ætluð er börnum á aldrinum sex til tíu ára. –gar

Borgin telur land tekið án leyfis á Einimelnum

Land utan við þrjú einbýlishús við Einimel hefur verið tekið af útivistarsvæði aftan við Vesturbæjarlaug og innlimað í lóðirnar í heimildarleysi. Þetta kom fram á fundi borgarráðs. Húseigandi segir hins vegar misskilning á ferðinni.

SKIPULAGSMÁL Eigendur einbýlishúsa við Einimel 22, 24 og 26 hafa í heimildarleysi lagt undir sig land utan við mörk lóða sinna segir verkefnisstjóri hjá skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar.

Þetta kemur fram í svari sem lagt var fram í borgarráði við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá í lok maí. Í fyrirspurninni var „óskað eftir upplýsingum um mörk útivistarsvæðisins vestan megin við Vesturbæjarsundlaug, gagnvart lóðarhöfum fasteigna við Einimel“ og hvort gengið hafi verið á útivistarsvæði. „Og ef svo er, hvort slíkt hafi verið gert með vitund og vilja borgaryfirvalda.“

Í svari Björns Inga Edvardssonar verkefnisstjóra segir að það sé nokkuð ljóst að við Einimel 22-26 hafi menn tekið sér land fyrir utan sín lóðarmörk.

„Það er klárlega í andstöðu við gildandi deiliskipulag og liggja engar heimildir fyrir um þessa landtöku. Erindi hafa verið tekin fyrir hjá skipulagsyfirvöldum þar sem umræddir lóðarhafar hafa óskað eftir stækkun sinna lóða eða að taka umrætt landsvæði í föstur, en þeim hefur alltaf verið svarað neikvætt,“ segir í svari verkefnisstjórans.

Bessi Jóhannsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, kveðst hafa flutt á Einimel 26 fyrir um áratug. Þvert ofan í það sem segir í svari verkefnisstjórans kveður Bessi umræddar viðbætur við lóðirnar vera í svokölluðu föstri hjá eigendum viðkomandi húsa.

„Þetta er gömul saga frá því hér var bóndabýli. Við höfum annast um viðbót við lóðina okkar. Lóðin



Stórir landskikar aftan við lóðirnar sem raunverulega tilheyra einbýlishúsum númer 22, 24 og 26 við Einimel hafa verið innlimaðir. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK

Við höfum landið í föstri og þurfum því ekkert að óska eftir að taka það í föstur.



Bessi Jóhannsdóttir, íbúi á Einimel 26

hjá mér litur út fyrir að vera stærri en hún er í raun og veru,“ útskýrir Bessi sem telur misskilning vera uppi í málinu.

„Við höfum mér vitanlega aldrei farið fram á að lóðirnar okkar verði stækkaðar. Og við höfum landið í föstri og þurfum því ekkert að óska eftir að taka það í föstur,“ segir Bessi og nefnir að það hafi verið þáverandi

gatnamálastjóri sem byggði Einimel 26 á niunda áratugnum. „Eg geri nú ráð fyrir að hann hafi vitað nokkuð hvað hann var að gera,“ segir hún.

Aðspurð neitar Bessi því að almenningur geti gengið um landið sem hún hafi í föstri. „Þetta er bara smáskíki á enda lóðarinnar. En það er nóg rými fyrir aftan Vesturbæjarlaugina og það er engum meinaður aðgangur að því svæði,“ bendir hún á.

Um umrætt opið svæði í heild segir nánar í svarinu að skilgreina eigi það sem leiksvæði og bæta við stígum. „Gert er ráð fyrir því að halda opinni grasflöt/leikflöt sunnan við girðinguna um sundlaugina og leiksvæði yrði að vestanverðu auk sleaabrekku. Síðan er gróðursett á milli til að bæta rýmismyndun og skapa hlýleika.“ gar@frettabladid.is



Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



NÝR AYGO

KOMASO



VERTU Í SAMBANDI MEÐ SNJALLARI AYGO

Verð frá: 1.930.000 kr.

Nýr AYGO státar af nýju útliti og enn glæsilegra innanrými með beinni tengingu við snjallsímann þinn svo að þú njótir ferðarinnar enn betur.

2 ára þjónustupakki fylgir Aygo



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fosnesi 14

Ráðuneytið gerir aðra tilraun til að framselja manninn til Póllands

DÓMSMÁL Dómsmálaráðuneytið hyggst freista þess að nýju að framselja meintan höfuðpaur í Euro-market-málinu svokallaða til Póllands að kröfu þarrendra yfirvalda.

Landsréttur sneri á dögumum við fyrri úrskurði héraðsdóms um framsal og féllst ekki á framsalið á þeirri forsendu að maðurinn hefði verið í farbanni vegna rannsóknar annars máls hér á landi er ákvörðun um framsal var tekin í ráðuneytinu. Samkvæmt framsalslögum má ekki framselja

mann sem er í tryggingaráðstöfun, það er gæsluvarðhaldi eða farbanni, vegna rannsóknar annars máls en þess sem framsalsbeiðni byggir á.

Pólsk yfirvöld óskuðu eftir framsali mannsins í desember 2017 er hann var í gæsluvarðhaldi hér vegna rannsóknar á skipulagðri brotastarfsemi, fikniefnainnflutningi, peningabætti, fjárfvikum, brotum á vopnalögum, lyfjalögum og fikniefnaframleiðslu.

Auk mannsins voru fjórir aðrir pólskir menn í gæsluvarðhaldi.



Þrjár Euromarket verslanir eru í rekstri hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Maðurinn var leystur úr gæsluvarðhaldi í júní en gert að sæta farbanni. Hann var aftur úrskurðaður í farbanni í júlí og þá á grundvelli ákvörðunar um framsal. Af þeirri ástæðu mun ráðuneytið nú freista þess að taka aftur ákvörðun um framsal.

Steinbergur Finnbogason, verjandi mannsins, segir málið nú fara aftur í sama ferli. Það verði sent til ríkissaksóknara til rannsóknar og síðan geri ráðuneytið sína athugun á mannúðarsjónarmiðum og öðrum skilyrðum

framsals. Heimili ráðuneytið framsal hafi maðurinn rétt til að skjóta málinu til héraðsdóms sem tekur það til meðferðar og úrskurðar. Sá úrskurður sé svo kærannlegur til Landsréttar.

Rannsókn á meintum afbrotum mannsins og annarra eigenda Euro-market er ólök.

„Málið er á lokametrunum hjá okkur,” segir Karl Steinar Valsson, yfirmaður miðlægu deildarinnar hjá lögfróðunni á höfuðborgarsvæðinu. –áá

Faðirinn gleðst yfir heilmýnd af Amy Winehouse

TÆKNI Enska tónlistarkonan Amy Winehouse, sem lést árið 2011 úr áfengiseitrun, fer í tónleikaferðalag seint á næsta ári. Heilmýnd af söngkonunni mun stíga á svið og flytja hennar þekktustu lög, til að mynda Rehab, Valerie og Back to Black. Frá þessu greindi faðir hennar, Mitch Winehouse, á Twitter.

„Fjölskylda okkar gleðst mjög yfir því að vera komin í samstarf við Base Hologram og munum við saman fagna ferli og ævi Amy. Allar tekjur af tónleikaferðalaginu munu renna í Amy Winehouse Foundation svo hægt sé að hjálpa ungu fólki í hennar nafni,” sagði Mitch Winehouse en góðgerðarsjóðurinn sem um ræðir styður ungt fólk sem á við fiknivanda að stríða.

Base Hologram sagði svo í tilkynningu að með heilmýndinni af Winehouse myndi hljómsveit spila. Þá myndu gestasöngvarar einnig taka þátt í tónleikaferðalaginu. –þea

Fyrirhugað frumvarp skerði rétt kvenna til þungunarrofs

Stefnt er að því að frumvarp til nýrra laga um þungunarrof verði lagt fram á yfirstandandi þingi. Drög að frumvarpinu voru kynnt í Samráðsgátt ríkisstjórnarinnar. Stærstur hluti umsagnanna sem barst laut að því að verið væri að þrengja heimild til þungunarrofs frá því sem nú gildir og verið sé að skerða rétt kvenna.

HEILBRIGÐISMÁL Fagfólk í heilbrigðisgeiranum gerir talsverðar athugasemdir við fyrirhugað frumvarp um þungunarrof. Stærstur hluti umsagna fagfólks um frumvarpsdrögin snýr að því að fyrirhugað frumvarp skerði rétt kvenna frá því sem nú gildir.

Frumvarpsdrögin voru kynnt í Samráðsgátt ríkisstjórnarinnar í september en frestur til umsagna rann út fyrir viku. Umsagnirnar voru ekki birtar í gáttinni en Fréttablaðið fékk aðgang að þeim í krafti upplýsingalaga. Drögin byggja á vinnu starfshóps um efnid sem skilaði af sér í nóvember 2016. Sá munur er þó á að í niðurstöðum hópsins var lagt til að þungunarrof yrði heimilt fram til 22. viku meðgöngu ef engar læknisfræðilegar ástæður mæltu gegn því. Í drögnum er hins vegar gert ráð fyrir því að þungunarrof verði heimilt fram á 18. viku en eftir það eingöngu ef lífi þunguðrar konu er stefnt í hættu eða ef fóstur telst ekki „lífvenlegt“ til frambúðar.

Sett er út á þetta fyrirkomulag í fjölda umsagna. Alvarlegir fæðingargallar greinist yfirleitt ekki fyrr en eftir tuttugu vikna sónar. Breytingin feli í sér að ákvörðunarrettur þunguðs einstaklings skerðist þar sem gerð er krafa um að fóstur sé ólífvenlegt. Í fæstum tilvikum sjáist strax hvort fóstur sé lífvenlegt þó merki um alvarlega fötlun sjáist. Einstaklingar og fjölskyldur séu misvel í stakk búin til að eiga barn með alvarlega fötlun og frumvarpsdrögin loki fyrir það að fólk sem telur sig ekki ráða við það



Þungunarrof verður ekki heimilt samkvæmt frumvarpinu eftir 18. viku meðgöngu nema fósturið teljist ólífvenlegt. NORDIC PHOTOS/GETTY

geti tekið ákvörðun um slíkt. Þetta kemur meðal annars fram í umsögn Ljósmeðrafélags Íslands og kveður við sviðaðan tón hjá Félagi íslenskra fæðingar- og kvensjúkdómalekna (FÍFK), Landspítalans (LSH) og í umsögnum lækna sem ymist starfa við kvensjúkdóma-, barna- eða fæðingarlækningar. Umræddir aðilar leggja til að timaraminn fyrir þungunarrof verði lengdur fram til 22. viku meðgöngu.

Þá var í nokkrum umsögnum, þar

á meðal frá umboðsmanni barna, sett út á það að lögin tryggðu ekki sjálfákvörðunarrett einstaklinga undir sextán ára til þungunarrofs. Í lögunum er ekkert um slíkt tilvik og myndu því ákvæði laga um réttindi sjúklinga gilda um slíkt tilvik.

„Ef frumvarpið verður samþykkt í núverandi mynd má því færa rök fyrir því að verið sé að þrengja enn að sjálfákvörðunarrétti barna að þessu leyti og kveða á um að forsjáradilar fái ávallt vitneskju um

946

fóstrum var eytt að meðaltali árin 2007-16.

6,7

fóstrum var eytt að meðaltali á ári eftir 20. viku meðgöngu.

35,6

meðaltal læknisfræðilegs þungunarrofs á tímabilinu

fyrirhugað þungunarrof, óháð aðstæðum hverju sinni,” segir í umsögn umboðsmanns.

Í fyrirhuguðum lögum er kveðið á um að þungunarrof skuli vera gjaldfrjálst „sjúkratrygðum konum“. Í einni umsögn var vakin á því athygli að hingað til lands kæmu ósjúkratryggðir einstaklingar, þar á meðal hælisleitendur, sem settir væru í bága stöðu af þessum sökum. Þá var í nokkrum umsögnum, þar á meðal umsögn LSH, víkið að því að frumvarpið gerði aðeins ráð fyrir þungunarrof konum en ekki öðrum einstaklingum, til að mynda mismönnum. joli@frettabladid.is

fiat.is

FIAT 500 - FRÁBÆRT TILBOÐSVERÐ!

ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á ÞESSU EINSTAKA VERÐI
1.790.000 KR.



5 ÁRA
ÁBYRGÐ

TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN OG GLÆSILEGAN FIAT 500 MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ
TILBOÐSVERÐ FRÁ: **1.790.000 KR.** – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.



ÍSABAND
ISLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI FIAT Á ÍSLANDI • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

GÓÐGERÐARPIZZAN 2018

GEÐGÓÐ PIZZA

„Í ár leikum við okkur með spennandi nýjungar í bland við klassískar áleggstegundir Domino's. Léttþurrkaðir tómatar, döðlur og balsamik-gljáinn ljá Góðgerðarpizzunni ferskan, léttan og eilítið súrsætan bragðblæ. Njótið.“

Hrefna Sætran

AÐEINS Á MATSEÐLI 15.–19. OKTÓBER

LÉTTÞURRKAÐIR TÓMATAR, RJÓMAOSTUR, PEPPERONI, SPÍNAT, DÖÐLUR OG BALSAMIK-GLJÁI



ÖLL SALAN RENNUR ÓSKIPT TIL BATASKÓLA ÍSLANDS

Í Bataskólanum er boðið upp á batatengd námskeið fyrir fólk með geðrænar áskoranir og er sérstök áhersla lögð á ungt fólk á aldrinum 18–28 ára. Skólinn er samstarfsverkefni Geðhjálp og Reykjavíkurborgar og er námið nemendum að kostnaðarlausu. Nánar á bataskoli.is.

Lítill: 1.950 kr. Mið: 3.230 kr. Stór: 3.760 kr. Pönnu: 3.760 kr.



Bataskóli
Íslands



Bæjarstjórn Bolungarvíkur segir óvissu í fiskeldi vera ólíðandi

STJÓRN MÁL „Það er óásættanlegt að rekstrargrundvelli fyrirtækja á Vestfirðum, sem og annars staðar á Íslandi, sé kippt undan þeim eins og staðan er nú í íslensku fiskeldi,“ segir bæjarstjórn Bolungarvíkur í nýrri bókun.

Bæjarstjórnin, sem vitaskuld er að vísa til tveggja úrskurda um ógildingu leyfa fyrir laxeldi fyrir vestan, segir að Vestfirðingar þekki það „alltof vel að framfaramál í fjórð-

ungnum séu stöðvuð af óljósum, tæknilegum ástæðum,“ eins og segir í bókuninni.

„Það er ólíðandi að íbúar í Vesturbýggð og Tálknafirði séu skildir eftir í mikilli óvissu og nauðsynlegt að þetta fólk fái afdráttarlausan stuðning stjórnvalda. Nú er málið komið á þann stað að aðgerða er þörf,“ segir bæjarstjórnin. Fiskeldi sé umhverfisvænt og geti orðið einn af hornsteinum íslensks atvinnulífs.

Vestfirðingar þekka það alltof vel að framfaramál í fjórðungnum séu stöðvuð af óljósum, tæknilegum ástæðum.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur

„Ekki hefur verið farið fram á annað en að uppbyggingin verði í sátt við náttúru og að uppfylltum skilyrðum,“ segir bæjarstjórnin sem skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir því að skapa umgjörð um fiskeldi á Íslandi sem „gerir því kleift að vaxa til framtíðar án sifeldra áfalla, vandamála og uppákoma eins og samfélagið hefur orðið vitni að undanfarna daga og vikur.“ – gar



Bolvíkingar segja fiskeldi vera umhverfisvæna atvinnugrein. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Árásin var á Shooters í Austurstræti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Enn í haldi eftir árás á dyrvörð

LÖGREGULMÁL Landsréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms um framlengingu gæsluvarðhalds um fjórar vikur yfir manni sem grunaður er um alvarlega líkamsárás á dyrvörð 26. ágúst. Maðurinn hefur verið í haldi frá því að hann var handtekinn skömmu eftir árásina.

Í úrskurðinum er árásinni lýst sem ofsafenginni. Fjórir menn hafi ráðist með offorsi á dyrvörðinn og sá sem er í haldi sagður hafa kilyt itrekað og sparkað í höfuð dyrvárðarins sem er nú lamaður fyrir neðan höku. Enn er tveggja manna leitað vegna gruns um aðild að árásinni. – aa

Ítalía braut á rétti transkonu

ITALÍA Sú framkvæmd ítalskra stjórnvalda að meina transkonu að breyta nafni sínu áður en kynleiðréttingarferli lauk fól í sér brot gegn friðhelgi einkalífs hennar. Þetta er niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu.

Konan hóf leiðréttingarferlið í maí 2001. Hún var þá skráð maður og bar karlmannsnafn. Samkvæmt lögum á Ítalíu gat hún ekki breytt nafni sínu fyrr en hún hafði fengið það ástimplað af stjórnvöldum að ferlinu væri lokið. Það var því ekki gert fyrr en í október 2005 en í milli-tíðinni hafði hún sótt um að breyta nafni sínu. Dómarar töldu einröma að það væri brot á 8. grein Mannréttindasáttmála Evrópu um verndun friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. – joe

Telja meint brot í hundraða milljóna fjársvikamáli fyrnd

Dómpólar í umfangsmesta fjársvikamáli sögunnar telja að rannsókn á brotum þeirra hafi stöðvast um ótilgreindan tíma og því hafi rannsóknin ekki rofið fyrningu. Höfuðpaurar málsins áfrýja ekki. Riflega 200 milljóna ávinningur brotanna hefur aldrei fundist. Aðalmeðferð í áfrýjuðu máli í Landsrétti á föstudaginn.

DÓMSMÁL Fimm dómpólar af átta í umfangsmesta fjársvikamáli íslenskrar réttarsögu hafa áfrýjað dómnum og krefjast sýknu þar sem meint brot þeirra hafi verið fyrnd. Þetta kemur fram í greinargerðum verjenda þeirra fyrir Landsrétti. Aðalmeðferð fer fram á föstudag.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness í apríl í fyrra. Fólgið var þá saktelt fyrir hátt í 300 milljóna fjársvik og peningþvætti, sem átti sér stað árin 2009-2010, en þyngd refsinga var á bilinu þriggja mánaða til fjögurra ára fangelsi. Allar voru þær bundnar skilorði til þriggja ára sökum þess hve langan tíma meðferð málsins tók hjá lögreglu og ákærvaldi. Hið stolna fé hefur aldrei fundist.

Halldór Jörgen Gunnarsson, fyrrverandi starfsmaður Ríkisskattstjóra (RSK), hlaut þyngstan dóm fyrir brot í opinberu starfi og peningþvætti. Tók hann á móti skráningum tveggja félaga á virðisaukaskattskrá og samþykkti tilhæfulausar virðisaukaskattskýrslur þeirra. Afleiðingin var sú að félögin fengu alls 278 milljónir endurgreiddar frá ríkinu.

Næstþyngstan dóm hlaut Steingrímur Þór Ólafsson, þrjátíu mánaða fangelsi, fyrir peningþvætti en hann skipulagði hvernig staðið yrði að úttekt hins illa fengna fjár af reikningum félaganna tveggja. Hvorugur þeirra áfrýjaði dómi sínum. Hið sama gildir um 42 ára karlmann sem jataði brot sinn í héraði. Þá voru hin sakfelldu ekki dæmd til endurgreidda hinn ólögmetta ávinning þar sem Steingrímur sagði fyrir dómi að



Frá upphafi aðalmeðferðar málsins í Héraðsdómi Reykjaness. Allir dómar í málinu voru skilorðsbundnir vegna þess hve lengi það dróst. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

hann hefði afhent óþekktum manni þá.

Aðrir sem sakfelldir voru áfrýja hins vegar dómnum og gera kröfu um sýknu af kröfum ákærvaldsins. Sú krafa er í flestum tilfellum byggð á þeim grunni að meint brot þeirra hafi verið fyrnd þegar dómur var kveðinn upp í héraði.

Dæmd brot í héraðsdómi stóðu yfir frá september 2009 til sumarsins 2010. Rannsókn lögreglu hófst á haustmánuðum þess árs. Í upphafi árs 2011 hæðist mjög á rannsókninni og lýsir einn verjandi því að hún hafi „verið í skötulíki“ frá þeim tíma

og þar til ákæra var gefin út í mars 2016. Í milli-tíðinni, í júní 2014, voru rannsóknargögn send ákærvaldi.

Ástæðan fyrir skilorðsbindingu dóma í héraði var þessi dráttur en ekki var víkið að sjónarmiðum um fyrningu brota þó verjendur hafi komið inn á þau í málflutningi sínum. Í almennum hegningarlögum segir að fyrningarrestur brota rofni þegar rannsókn sakamáls hefst. Þó segir að rannsókn rjúfi ekki fresting ef hún stöðvast um óakveðinn tíma.

Það hafi tvímælalaut gerst í þessu máli og því rétt að sýkna ákærðu. joli@frettabladid.is

Áfrýjaðir dómar

B, 44 ára karl, var sakfelldur fyrir peningþvætti með því að hafa tekið við 17 milljónum króna í plastpoka á veitingastaði í Kópavogi. Árin 2009 til 2010 námu opinberar og rekjanlegar greiðslur hans tæpum 14 milljónum um útgjöld 39 milljónum. Hlaut sex mánaða skilorðsbundinn dóm.

Guðrún Halla Sigurðardóttir, 43 ára, var sakfelld fyrir að hafa þegið allt að 3,5 milljóna þóknun fyrir að hafa tekið út af reikningum félaganna 133 milljónir í reiðufé í 83 úttektum í mismunandi útibúum. Hlaut 18 mánaða skilorðsbundinn dóm.

U, 40 ára karl, hlaut fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa þegið 250 þúsund króna þóknun fyrir að taka tæpar fjórtán milljónir af hinu illa fengna fé af reikningum félagsins Ólafsson-heildverslun. Talið peningþvætti af gáleysi.

S, 50 ára kona, var sakfelld í héraði fyrir peningþvætti af gáleysi með því að hafa tekið tæpar tuttugu milljónir af hinu illa fengna fé af bankareikningi félagsins. Sagði fyrir dómi að hún hefði ekki vitað að um illa fengið fé væri að ræða.

Z, 44 ára karl, hlaut þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir stórfelld fikniefnabrot.

Tveir ákærðir vegna árássar á Houssin

DÓMSMÁL Tveir menn, Baldur Kolbeinsson og Trausti Rafn Hendriksson, eru ákærðir vegna alvarlegrar líkamsárásar á Litla-Hrauni 23. janúar síðastliðinn. Málið verður þingfest í Héraðsdómi Suðurlands 25. október næstkomandi.

Brotþólinn er ungur hælisleitandi, Houssin Bsraoi, sem kom hingað til lands haustið 2016. Hann sat inni fyrir itrekaðar flóttatilraunir en hann freistað þess að smygla sér um borð í eitt af flutningaskipum Eimskips og komast þannig til Kanada.

Heimildir Fréttablaðsins herma að ákært sé fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga en ákveðið tekur til líkamsárása sem hafa í för með sér störfelt líkams- eða heilsutjón eða teljast sérstaklega hættulegar vegna þeirrar aðferðar sem beitt er. Brot gegn ákveðinu geta varðað allt að 16 ára fangelsi.

Árásin á Houssin var gerð í íþróttasal fangelsisins og er sögð bæði skipulögð og hrottafengin. Houssin var



Hrottafengin árás var gerð á ungan hælisleitanda í íþróttasalnum á Litla-Hrauni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

fluttur á spítala í kjölfarið, nokkuð marinn og með brotnar tennur.

Skömmu eftir árásina var Houssin vísað úr landi og gafst lögreglu ekki tóm til að taka af honum skýrslu vegna málsins. Lögreglufulltrúi sem fór með rannsókn árássinnar fékk upplýsingar í fjölmöldum um að hann væri farinn af landinu.

Ekki liggur fyrir hvort Houssin kemur aftur til landsins til að gefa

skýrslu fyrir dómi en meðal sönnunargagna eru myndir úr eftirlitsmyndavélum.

Ákæran gegn mönnum hefur ekki verið birt opinberlega og því ekki enn komið fram hvort hlutur beggja ákærðu í brotinu telst jafnmikill.

Baldur Kolbeinsson og Trausti Rafn Hendriksson eiga báðir nokkur sakafélag og þá hefur Baldur itrekað gerst sekur um öfbelld gagnvart samföngum sínum.

Hann hlaut 18 mánaða fangelsisdóm árið 2014 fyrir tveir líkamsárásir framdar með nokkurra mánaða millibili á útivistarsvæðinu á Litla-Hrauni. Í fyrria tilvikinu veittist hann að samfanga sínum og makoði saur í andlit hans og munn og sló hann svo bæði í höfuð og líkam. Auk þeirra tveggja líkamsárása sem hann var dæmdur fyrir 2014 mun hann hafa búið vörina af samfanga sínum í slagsmálum á Litla-Hrauni síðastliðað sumari. – aa

Kyolic
Asati Garlic Extract
Original Formula

FYLGDU HJARTANU

STYÐUR VIÐ OG STYRKIR

- EÐLILEGA STARFSEMI HJARTA- OG ÆÐAKERFISINS
- ÓNÆMISKERFIÐ

100% LÍFRÆNN, LYKTARLAUS OG FER VEL Í MAGA

FÆST Í APÓTEKUM OG HEILSUÖRVERSLUNUM

PEUGEOT 3008

MARGVERÐLAUNAÐUR

GÆÐIN HEILLA ÞIG STRAX!



ALÞJÓÐLEG
VERÐLAUN



PEUGEOT

VERÐ FRÁ 3.940.000 KR.

Bandalag íslenskra bílaáðamanna valdi Peugeot 3008 sem Bíl ársins 2018 á Íslandi úr hópi 30 bíla. Þetta er mikil viðurkenning á gæðum Peugeot sem hafa heillað heimsbyggðina, hann hefur unnið til 38 alþjóðlegra verðlauna. PureTech bensínvél bílsins hlaut þann heiður að vera valin Vél ársins fjórða árið í röð!

KOMDU OG KEYRÐU TÍMAMÓTABÍLINN PEUGEOT 3008!



Brimborg Reykjavík
Bildshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Njír og notaðir bílar:
Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Peugeotisland.is

Sáðar skeyta engu um hótanir Trumps

Utanríkisráðherrar Þýskalands, Frakklands og Bretlands kölluðu í yfirlýsingu í gær eftir sameiginlegri rannsókn Tyrkja og Sádi-Araba á hvarfi blaðamannsins Jamals Khashoggi. Ríkisfjölmiðill í Sádi-Arabíu segir að sérhverri refsiaðgerð verði mætt með annarri harðari.

TYRKLAND Sádi-Arabar frábíðja sér efnahagslegar og stjórnmálaegar hótanir vegna máls horfna blaðamannsins Jamals Khashoggi.

Fréttastofa BBC vitnar til sádi-arabíska ríkisfjölmiðs SPA sem hefur eftir háttsetum en ónefndum embættismanni að stjórnvöld þar muni mæta hverri refsiaðgerð með annarri harðari.

Blaðamaðurinn Khashoggi er sagður hafa sést síðast á lífi er hann gekk inn í ræðismannsskrifstofu Sádi-Arabíu í Istanbul þriðjudaginn 2. október síðastliðinn. Khashoggi, sem var í sjálf-skipaðri útlegð að heiman, var gagnrýninn á stjórnvöld í heimalandi sínu.

Fjölmiðlar í bæði Tyrklandi og Bandaríkjunum hafa sagst hafa heimildir fyrir því að tyrknesk stjórnvöld hafi upptökur sem sanni að Khashoggi hafi verið ráðinn bani í ræðismannsskrifstofunni. Lík hans hafi verið bútað niður og þannig komið undan. Khashoggi sjálfur hafi sent

Við hvetjum til sameiginlegs átaks Tyrkja og Sádi-Araba í þessu efni og ætlumst til þess að stjórnvöld í Sádi-Arabíu gefi heilsteyppt og sundurliðað svar.

Utanríkisráðherrar Bretlands, Frakklands og Þýskalands

upptökur af því sem fram fór í far-síma með snjallúri sem hann bar.

Donald Trump, forseti Bandaríkanna, hefur sagt að Sádi-Aröbum verði refsað ef í ljós komi, þrátt fyrir eindregna neitun þeirra, að þeir beri ábyrgð á dauða Khashoggis. Trump hefur þó ekki gefið upp í hverju refsiaðgerðirnar gætu falist.

Bæði Bretland og Bandaríkin er sögð vera að ihuga að sniðganga stóra alþjóðlega ráðstefnu í Sádi-Arabíu síðar í þessum mánuði vegna hvarfs Khashoggis.

Í gær sögðu utanríkisráðherrar



Starfsmenn við ræðismannsskrifstofu Sádi-Arabíu í Istanbul þar sem síðast sást til Jamals Khashoggi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÉPA

Bretlands, Frakklands og Þýskalands í sameiginlegri yfirlýsingu að þeir vildu fá trúverðuga rannsókn til að tryggja að þeir sem bæru ábyrgð á hvarfi Khashoggis

yrðu látnir svara fyrir það.

„Við hvetjum til sameiginlegs átaks Tyrkja og Sádi-Araba í þessu efni og ætlumst til þess að stjórnvöld í Sádi-Arabíu gefi heil-

steyppt og sundurliðað svar,“ segir í yfirlýsingu utanríkisráðherranna þriggja, þeirra Jeremys Hunt, Jean-Yves Le Drian og Heiko Maas. gar@frettabladid.is

Veisla á sjö mínútum

Lokuð inni og bíður eftir niðurstöðu ráðuneytisins

FANGELSISMÁL Mirjam van Twuyver bíður enn eftir niðurstöðu dómsmálaráðuneytisins í kærumáli hennar gegn Fangelsismálastofnun sem kallaði hana aftur til afplánunar í kjölfar þess að hún vann mál hjá kærunefnd útlendingamála. Útlendingastofnun hafði birt Mirjam úrskurð um brottvisun af landi auk 20 ára endurkomubanns til Íslands. Mirjam, sem komin var á ökklaband, mætti að nýju til afplánunar á Sogni 6. september síðastliðinn og bíður niðurstöðu ráðuneytisins þar en kæra var send til ráðuneytisins í ágúst.

Lögmaður Mirjam, Sveinn Guðmundsson, hefur einnig farið fram á endurupptöku á máli hennar hjá kærunefnd útlendingamála en eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá, telur lögmaðurinn að upplýsinga- og leiðbeiningarskylda gagnvart



Mirjam van Twuyver.

Mirjam hafi ekki verið uppfyllt, enda hafi henni ekki verið ljóst þegar hún kærði ákvörðunina um brottvisun, hvaða áhrif það gæti haft fyrir hana ef honum yrði snúið við. Hún hafi fyrst og fremst viljað fá úrskurð um hið langa endurkomubann hnekktt, enda á hún íslenskan eiginmann og íslenska tengdajölskyldu. Mirjam var fyrir nokkrum árum dæmd til þingstu refsingar sem burðardýr hefur fengið hér á landi. Hún fékk 11 ára dóm í héraði en Hæstiréttur mildaði dóminn 8 ár. —áá

♥ **KAFFI DAGAR**
15. - 28. OKT

40%
LOGIC KAFFIVÉL L120CB15E
4.995
2.995

17%
SAGE BARISTA ESPRESSOVÉL BES875BSS
119.995
99.995

EXTRA HLJÓDLÁT
SIEMENS EQ 6 ESPRESSOVÉL TE605209RW
119.995
109.990

14%
NESPRESSO LATTISSIMO ONE KAFFIVÉL FI11WHITE
34.995
29.995

ELKO
GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS



Áfram Ísland

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?



SKOÐUN

Hrækt og hótad



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Til er nokkuð sem heitir almenn kurteis og hana ber að hafa í heiðri. Stundum brenglast viðmiðin eins og gerist á netinu þar sem fólk segir iðulega ymislegt við aðra sem það myndi ekki hafa hugmyndaflug til að láta flakka stæði það frammi fyrir viðkomandi. Við skulum samt ekki vera svo einfaldar sálir að mynda okkur að í hinu daglega lífi þar sem fólk hittist augliti til auglitis fari samskipti ætíð kurteislega fram. Þar verður fólk sem er einungis að sinna daglegri vinnu sinni oft fyrir aðkasti og jafnvel hótunum þeirra sem leyfa reiðinni að hertaka hugann.

Um síðustu helgi var vídtal í Fréttablaðinu við nokkra einstaklinga sem verða fyrir miklu aðkasti í starfi. Hér er um að ræða stöðumælaverði, sem nú gegna því flatneskjulega heiti stöðuverði – heiti sem ekki þykir ástæða til að nota hér. Stöðumælaverðirnir lýstu því hvernig þeir hafa í störfum sínum orðið að þola að hrækt sé á þá, hrópað að þeim fúkyrdum, þeim ognad og jafnvel hótad líflati. Óneitanlega minna þessar lýsingar nokkuð á það sem lögreglumenn urðu að þola á upplausnar-tímum í hruninu, þegar mótmæli fóru gjörsamlega úr böndum. Ekki hefur verið haft fyrir því að biðja lögregluna afsökunar á þeim skrifslátum.

Í áður nefndu vídtali komu stöðumælaverðirnir ekki fram undir nafni og á myndum voru andlit þeirra ekki sýnd. Yfirmaður þeirra óskaði eftir þessu og var þar með öryggi starfsmanna sinna í huga. Það er dapurlegt þegar fólk sem gegnir nauðsynlegum störfum í þjóðfélaginu getur ekki, öryggis síns vegna, sýnt sig í mynd og talað undir nafni. Því stafar ógn af samborgurum sínum, alls ekki mörgum, en samt nægilegum fjölda til að það hafi ástæðu til að hafa áhyggjur. Einn viðmælenda blaðsins segist þjást af kvíða í kjölfar hótana og áreitni og hefur leitað til sálfræðings. Allir ættu að geta sett sig í spor einstaklings sem þarf að mæta í vinnu og hafa áhyggjur af því hvernig viðmóti hann muni mæta þann dag, hvort einhver muni hella sér yfir hann og jafnvel hóta honum.

Skapgerð fólks er vissulega mismunandi og það á sömuleiðis misauðvelt með að sýna sjálfstjórn. Auðvitað er best að sem flestir kunnir sig, sem þýðir ekki að þeir megi ekki fyllast réttlátri reiði og láta í sér heyra. Það er allt annað en að taka æðiskast. Hins vegar er ekki öllum gefið að taka lífinu með ró og þeir sem eiga einna erfðast með það eru einstaklingar sem láta sér á sama standu um liðan annarra og setja eigin þarfir ætíð í forgrunn. Þeir hafa einstakt lag á að leiða hjá sér viðtekna kurteisvenjur, taka sín regulegu frekjuköst og telja sig hafa fullan rétt á því. Þeim er nákvæmlega sama þótt þeir hafi sært aðra með framkomu sinni.

Vilji menn lífa í þokkalegri sátt í samfélagi við aðra verða þeir að geta sett sig í spor annarra. Framkoma eins og stöðumælaverðirnir lýstu í Fréttablaðinu er dapurlegt vitni um að of margir eru alls ófærir um það.



Það er dapurlegt þegar fólk sem gegnir nauðsynlegum störfum í þjóðfélaginu getur ekki, öryggis síns vegna, sýnt sig í mynd og talað undir nafni.

Oktoberfest
Gæða Lederhosen, kjólar og fylgihlutir beint frá Þýskalandi!
Hokus Pokus
www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Halldór



Frá degi til dags

Höfundarréttur
Sú fullyrðing að stráin fyrir framán frægasta bragga landsins séu höfundarréttarvarin hefur enn ekki verið hrakin. Eftast klóra margir sér í kollinum yfir því hvað í því felst. Vitleysan í kringum endurnýjun mannvirksins virðist engan enda ætla að taka og sífellt koma nýir og undarlegir reikningar fram. Miðað við klaufaganginn hingað til virðist það vera óhjákvæmilegt að dýrasta gras landsins sái sér á nýjum stöðum og að höfundar þess taki upp á því að sækja rétt sinn vegna þess. Bragginn virðist vera skólabórkardæmi um lögmál Murphys; ef eitthvað getur farið úrskeiðis, þá mun það fara úrskeiðis.

Uppskerubrestur
Úr því sem komið er væri réttast að borgin myndi gripa til aðgerða til að lágmarka tjón sitt. Sem kunnugt er kom vart dropi úr lofti í Danmörku þetta sumarið og uppskera með allra versta móti. Einnhvern þændur þurftu að gripa til þess raðs að flytja inn hey til að eiga forða fyrir dýr sín. Verður því að þykja nokkuð hart að stráin hafi verið flutt þaðan hingað til lands. Mögulega er einhver bóndi þar ytra sem vill kaupa stráin aftur dýrum dómum og búa til úr þeim rándýra nautasteik. joli@frettabladid.is

Hið ómögulega



Anna Lisa Björnsdóttir
Formaður
Glyem mér ei

Aljóðlegur dagur tileinkaður missi á meðgöngu og barnsmissi er í dag, 15. október. Glyem mér ei styrktarfélag hefur staðið fyrir minningarstund á hverju ári síðastliðin sjö ár. Þetta árið höldum við minningarstundir í Guðriðarkirkju og Glerárkirkju kl. 20. Að venju verður hægt að tendra ljós fyrir litlu börnin okkar og eiga fallegar stundir.

Glyem mér ei styrktarfélag var stofnað haustið 2013 af undirritaðri, Þórunni Pálsdóttur og Hrafnhildi Hafsteinsdóttur. Sameiginleg reynsla okkar af missi á meðgöngu færði okkur saman.

Missir á meðgöngu er oft einangrandi fyrir foreldra og nánustu aðstandendur – þessi sorg er oft erfið þeim sem ekki tengdust barninu á sama hátt og foreldrarinn, er langar til að veita foreldrum tilfinningalegan stuðning.

Það er til orð yfir börn sem missa foreldra, maka sem missa maka, en það er ekkert orð sem lýsir þeim sársauka að missa barn. Lin-Manuel Miranda notar orðið „ómögulegt“ (The unimaginable) þegar hann skrifar lag um sorg foreldra eftir barnsmissi í söngleik sínum.

Það er ómögulegt að setja sig í spor foreldra sem lífa börnin sín.

Gefa okkur tækifæri

Glyem mér ei hefur síðan haustið 2017 gefið foreldrum sem missa börn á meðgöngu eða skömmu eftir fæðing minningarkassa. Þótt skrefin heim, tömhent af fæðingardeildunum, verði óendanlega þungbær hafa minningarkassarnir verið dýrmætir fyrir foreldra og systkini.

Foreldrar syrgja barnið sitt út lífið og eins mikið og við í Glyem mér ei vildum óska að það væri ekki þörf fyrir okkar félag, erum við afar þakklát fyrir þann stuðning sem við höfum hvert af öðru.

Stuðningshóparnir okkar og minningarstundir gefa okkur tækifæri til að minnast barnanna okkar og njóta samvita við aðra foreldra með þessa þungbæru reynslu.



Sameiginleg reynsla okkar af missi á meðgöngu færði okkur saman.

Furðulegar skoðanir

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Í veröldinni er enginn skortur á fánalegum skoðunum. Eins og breski hádfuglinn Sacha Baron Cohen hefur afhjúpað í stórbrotinni þáttgerð í Bandaríkjunum undanfarið er til fólk sem er með svo stóruandlegar skoðanir að maður skilur ekki hvernig því getur mögulega verið alvara. Það hlýtur að vera að grínast.

En það er ekki að grínast. Til eru stjórnmalameðmenn sem telja skynsamlegt að börn á leikskólaaldri beri byssur. Í þætti Cohens færa nokkrir bandarískir þingmenn rök fyrir þessari skoðun sinni. Lobbíasti fyrir réttindum byssueigenda heldur því fram að þriggja ára börn séu betri en fullorðnir í að meðhöndla byssu, því börn myndu ekki hika við að skjóta strax geðtruflað fólk sem hótaði því með skotvopni. Fullorðnir hika stundum vegna siðferðislegra álitafna, sem er slæmt.

Annar reyndist ginnkeyptur fyrir þeirri súrrealísku kenningu Cohens að íslamskir hryðjuverkamenn væru allir hræddir við homma. Því væri besta vörnin við þeim, kæmist maður í tæri við þá, að girða niðrum sig buxurnar og ota að þeim rassinum.

Þetta er allt til á YouTube.

Jörðin er flöt

Nýlega var haldin í Bretlandi fyrsta ráðstefna fólks sem er haldið þeirri sannfæringu að jörðin sé flöt. Sú sýn, að jörðin sé hnöttur, er af þessu fólki talin vera fullkomið og augljóst bull — það hljóti hver maður að sjá — og í grunninn samsæri. Allar myndavélalínur eru hannaðar þannig af NASA að jörðin birtist sem hnöttur á ljósmyndum. Í nýlegri blaðgrein um ráðstefnuna, skrifaðri af manneskju sem telur jörðina hnött — og er því augljóslega ekki hlutlaus — er stemmningunni lýst. Þarna var alls konar fólk. Heilbrigðisstarfsmenn, kennarar, ungt fólk og ellilífeyrisþegar. Margir höfðu á orði hversu gott það væri að koma loksins saman og hittast. Í daglegu lífi þyrfti flatjarðarfólk nefnilega að fara dult með skoðanir sínar. Það væri hlegið að því og það niðurlægt. Núna gæti það verið það sjálf. Sumir voru klæddir í boli með áletruninni Flat Power. Það var sem sagt hugur í folki. Mikill og góður andi ríkti á ráðstefnunni.

Konur skemma vinnustaði

Magn fánalegra skoðana á sér engin mörk. Einungis ímyndunaraflíð setur manni skorður. Leiti maður að þeirri



allra fánalegustu skoðun sem maður getur ímyndað sér á netinu, mun maður finna hana. Og um hana eru til samtök. Það er nánast pottþétt. Og minnst 10 þúsund fylgjendur á Twitter. Það er hægt að verja ævinni gapandi með hökuna niður á bringu stanslaust út af furðulegum skoðunum.

Hvað á að gera í þessu? Er ástæða til að hafa áhyggjur af þessu eða er þetta bara hluti af því að vera til og svífa um í geimnum með sjö milljörðum annarra misgáfulegra jarðarbúa? Ég hallast að því. Þetta er örjúfanlegur hluti mannlífsins. Stundum finnst manni jú ástæða til að hafa áhyggjur, sérstaklega þegar um áhrifafólk er að ræða. Í áhrifastöðum er magn furðulegra skoðana sist minna. Leiðtogi hins frjálsa heims, svokallaður, fer fremstur í flokki þessi misserin og hreinlega spúir yfir heimsbyggðina á degi hverjum kexrugluðum viðhorfum sínum. Hann og margir aðrir kollugar hans í stjórnmálastétt trúu því til dæmis ekki að magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu sé va. Þeir telja að það þyrfti ekki að hafa neinar



Stundum finnst manni jú ástæða til að hafa áhyggjur, sérstaklega þegar um áhrifafólk er að ræða. Í áhrifastöðum er magn furðulegra skoðana sist minna. Leiðtogi hins frjálsa heims, svokallaður, fer fremstur í flokki þessi misserin og hreinlega spúir yfir heimsbyggðina á degi hverjum kexrugluðum viðhorfum sínum.

sérstakar áhyggjur af hlýnun jarðar. Bara svo dæmi sé tekið. Og Trump telur líka að það sé í lagi að gripa í klofið á konum, bara sí svona og fyrirvaralaust sé maður í stuði. Og hér á Íslandi er sem sagt til a.m.k. einn karl sem telur að konur eyðileggi vinnustaði. Hann heitir Kristinn og var næstum því að eyðileggja vinnustað.

Rökræðan við rasistann

Ég er ekki bjartsýnn á það, að hægt sé að berja niður skoðanir eða þagga þær niður. Margir telja til dæmis að það eigi ekki að gefa alls konar viðurstygglegum sjónarmiðum rasista byr undir báða vængi með því að ræða þau. Betra sé að ræða þau ekki. Ég finn sterkt þessa tilhneigingu í eigin brjósti. Ég hef ríka þörf til að lita svo á að best sé að segja einfaldlega við rasista að hann eigi að hoppa upp í afturendann á sér.

En á móti kemur að einhver besta rökræða sem ég hef séð í sjónvarpi var rökræða milli innflytjanda og rasista í breskum fréttaskýringabætti. Hún var hreinasta konfekt. Innflytjandinn tók rasistann svo rosalega í bakarið, með staðreyndum og tölum, að rasistinn var eins og reytt hæna á eftir. Síðan þá hallast ég svolítið að þessu: Í veröld fánalegra skoðana er aðeins ein leið fær. Hún er sú að hafa trú á lýðræði, opinni umræðu, upp lýsingum, staðreyndum og rökum. Semsagt: Látum Kristin standa fyrir máli sínu.

**NÝR
OUTLANDER**

Vinsælasti bíllinn á Íslandi hefur nú fengið skarpara útlit, meiri íburð, lengri drægni, meira afl, aukðið akstursryggi og margt fleira.

**OUTLANDER
PHEV**

Mitsubishi Outlander PHEV er rafdrifinn & svo miklu meira. Fullkominn sameikur raf- og bensínorkunnar skilar þér sönnu aksturstrélsi og háþróaðar tæknilausnir færa þér allt að 600 km heildardrægni* með lágmarkseyðslu allt niður í 2.0 l/100 km (NEDC). Virkjaðu það besta úr báðum heimum.

Verð frá 4.690.000^{KR}.

**MITSUBISHI
MOTORS**
Drive your Ambition



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is · Höldur Akureyri · Bilasala Selfoss · Bíllás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum · *Míðað við fulla hleðslu og fullan tank við bestu aðstæður.

Síðbúin íhaldssemi



Sigríður Á. Andersen
dómsmála-
ráðherra

Pawel Bartoszek, fyrrverandi þingmaður Viðreisnar en núverandi borgarfulltrúi sama flokks, hefur gefið mér tilefni til þess ríffa upp aðdragandann að breytingum á lagaákvæðum um uppreist æru og hvernig flokkur hans Viðreisn stuðlaði að þeim vinnubrögðum við lagabreytinguna sem Pawel nú gagnrýnir. Pawel gerði þessa lagabreytingu að umtalsefni í grein í þessu blaði síðastliðinn föstudag. Þar gerir hann mér upp skoðanir sem ekki eiga við rök að stýðjast og segir ekki rétt frá afstöðu minni til þess að leggja fram hálfkarad frumvarp um afnám uppreistar æru hausti 2017.

Þjórt framtíð sleit fyrirvaralaust ríkisstjórnarsamstarfi við

Sjálfstæðisflokkinn í skjóli nætur þann 14. september 2017. Þar með var jafn snarlega bundinn endi á framgöngu þeirra mála sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar hugðust leggja fram á haustþingi sem þá var nýhafði. Þar á meðal var breyting á lögum er varðar uppreist æru og óflekkað mannorð.

Um leið og mér barst fyrsta umsóknin um uppreist æru eftir að ég tók við sem dómsmálaráðherra tók ég ákvörðun vorið 2017, áður en gagnlegar umræður hófust um mál frá fyrri tíð, um að stöðva sjálfkrafa afgreiðslu slíkra umsókna í dómsmálaráðuneytinu og hefja allsherjarendurskoðun laga hvað varðaði veitingu á uppreist æru. Þá um sumarið boðaði ég breytingu á lögum þar að lútandi. Breytingin myndi fela í sér að horfið yrði frá þeirri framkvæmd að veita uppreist æru en um leið að trygg yrði að dæmdir menn öðlist aftur með einhverjum hætti borgaraleg réttindi sem þeir missa við þá flekkum mannorðs sem í refsíðinni felst. Ég lagði ávallt áherslu á að þessar breytingar yrðu unnar samhlíða.

Við stjórnarslitin ákváðu for-

menn allra flokka, þ.m.t. Viðreisnar, að leggja fram í sameiningu breytingu á lögum sem kváð aðeins á um afnám uppreistar æru og fengu í þeim tilgangi afnot af þeirri frumvarpsvinnu sem þegar hafði farið fram í dómsmálaráðuneytinu. Akveðið var að láta það biða nýrjar ríkisstjórnar að tryggja með lögum að dæmdir menn sem höfðu afplánað refsingu sína gætu sótt aftur borgaraleg réttindi sín. Þetta var miður – eins og ég lýsti í ræðu minni á Alþingi við afgreiðslu málsins þann 26. september 2017: „Ég jata það að mér hefði þótt meiri bragur að því og æskilegra ef það hefði náð fram að gæla, þ.e. ekki bara þetta frumvarp sem hér er til umfjöllunar heldur einnig þær lagabreytingar sem ég hef reifað að þurfi nauðsynlega að fara í ef þetta frumvarp nær fram að ganga. Þetta segi ég í ljósi þeirrar niðurstöðu sem ég komst að í sumar um heppilegustu leiðina að fara við endurskoðun á þessu fyrirkomu-lagi öllu.“

Það kemur fáum á óvart að borgarfulltrúinn kys að gleyma með öllu þætti Viðreisnar í



Það kemur fáum á óvart að borgarfulltrúinn kys að gleyma með öllu þætti Viðreisnar í stjórnarslitunum sem settu málið í uppnám og komu í veg fyrir að ég gæti lagt það fram eins og ég gerði ráð fyrir um sumarið.

stjórnarslitunum sem settu málið í uppnám og komu í veg fyrir að ég gæti lagt það fram eins og ég gerði ráð fyrir um sumarið. Það vill nefnilega svo til að ég hafði einmitt gert það sem hann kallar eftir í grein sinni – talað um „nauðsyn þess að fara sér hægt og ígrunda vel“ og „standa vörð um klassiska íhaldssemi í þessum málum“.

En miðnæturhlaup Þjartrar framtíðar frá ríkisstjórnarborðinu ásamt innanmeinum Viðreisnar

í kjölfarið varð til þess að boðað var til kosninga. Lagafrumvarp flokksformanna fékk flýtimeðferð í þinginu nánast án umræðu. Líkt og ég lýsti væntingum um við afgreiðslu frumvarpsins 26. september 2017 hefur vinna við málið haldið áfram í dómsmálaráðuneytinu. „Ég vil að það komi fram hér að ég hef óskað eftir því í dómsmálaráðuneytinu að sú vinna sem þegar er hafin við endurskoðun á allri þeirri löggjöf sem kveður á um óflekkað mannorð haldi áfram og ekkert gefið eftir í þeim efnum þannig að fyrir nýju þingi liggji vonandi einhver vinna sem hægt er að byggja á í framhaldinu.“

Í grein sinni kallar Pawel eftir lagafrumvarpi því sem nauðsynlegt er að til að tryggja dæmdum mönnum aftur réttindi sín eins og kjör-gengi. Það er ánægjulegt að segja frá því að Pawel var þennanherður áður en grein hans birtist því að frumvarp mitt um þetta var lagt fram á Alþingi í síðustu viku eftir að hafa verið til kynningar og umsagnar á opnum samráðsvef stjórnsráðsins í sumar. Engin umsógn barst um málið frá Pawel.

Nauðsynleg styrking innviða



Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðis-
ráðherra

Fjárlög ársins 2019 endurspeglar þær áherslur sem lagðar eru í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um eflingu heilbrigðiskerfisins og uppbyggingu innviða. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2019 hækka framlög til heilbrigðismála umtalsvert en hækkinin nemur samtals 12,6 milljörðum króna, að frátöldum launa- og vörðlagshækkunum. Innviðir allra helstu þátta heilbrigðiskerfisins verða styrktir verulega.

Lækkun greiðsluþátttöku sjúklinga er forgangsmál í mínum huga og unnið er að því að lækka hana. Við innleiðingu nýs greiðsluþátttökukerfis heilbrigðisþjónustu árið 2016 var bætt 1,5 milljarði króna inn í kerfið á ársgrundvelli til að lækka kostnað sjúklinga. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir

árið 2019 verður bætt við tæpum 400 milljónum króna til viðbótar í þessu skyni. Auk þess bættast við 500 milljónir króna vegna nýs rammamannings um tannlækningar aldrafara og öryrkja. Lækkun greiðsluþátttöku sjúklinga stuðlar að auknum jöfnuði og tryggir að enginn sé tilneyddur til þess að neita sér um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.

Ég hef einnig lagt áherslu á eflingu geðheilbrigðisþjónustunnar og fjárlögin endurspeglar það. Geðheilbrigðisþjónusta á landsvísu innan heilsgæslunnar verður eflid sérstaklega, með 650 milljónum króna framlagi til að fjölga geðheilsuteymum og fjölga stöðugildum sálfræðingum sem starfa á heilsgæslum. Þessi styrking geðheilbrigðisþjónustunnar innan heilsgæslunnar er nauðsynleg og tímabær.

Uppbygging Landspítalans við Hringbraut er stærsta og flókasta byggingafrankvæmd næstu ára. Gert er ráð fyrir auknum fram-lögum til þeirra framkvæmda sem nema tæpum 4,5 milljónum króna. Framkvæmdir við nýjan meðferðarkjarna sjúkrahússins hefjast nú í haust en skóflustunga



Lækkun greiðsluþátttöku sjúklinga stuðlar að auknum jöfnuði og tryggir að enginn sé tilneyddur til þess að neita sér um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.

verður tekin að meðferðarkjarnanum næstkomandi laugardag, 13. október. Fullnaðarhönnun rannsóknahúss hefst á næsta ári. Þá verður nýtt sjúkrahótel tekið í notkun en árlegur rekstrarkostnaður þess er áætlaður rúmar 400 m.kr.

